



16. mars 2015

**Umhverfisstofnun
Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík**

**Umsögn um tillögu að starfsleyfi fyrir urðun úrgangs í Tjarnarlandi á Fljótsdalshéraði
Tilvísun UST: UST201502-009**

Með bréfi dags. 12.2.2015 óskar Umhverfisstofnun eftir umsögn HAUST um tillögu að starfsleyfi fyrir Fljótsdalshérað vegna urðunarstaðarins að Tjarnarlandi í Hjaltastaðarþinghá. Í tölvupóstsamskiptum milli stofnana fékkst síðan samþykki Umhverfisstofnunar fyrir fresti, þ.e. að í stað þess að skila umsögn fyrir 6.3. fékkst frestur til að skila fyrir 20.3.2015.

Í bréfi Umhverfisstofnunar er tekið fram að umsögn skuli byggð á 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þ.e. „Við gerð tillögu skal stofnunin ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og, eftir því sem við á hverju sinni, Náttúruverndar ríkisins, Skipulagsstofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, frjálsra félagasamtaka og annarra sérfróðra aðila.” Einnig er sérstaklega óskað eftir að heilbrigðisnefndin taki afstöðu til staðsetningar urðunarstaðarins þar sem hann er staðsettur í innan við 500 m fjarlægð frá íbúðarhúsum að Tjarnarlandi og vísað til 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, en þar segir “ „Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum. Umhverfisstofnun getur í starfsleyfi þegar ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn viðkomandi heilbrigðisnefndar vikið frá þessum mörkum með hliðsjón af jarðfræði, landslagi og veðurfari á urðunarstað, magni úrgangs, tegundum, fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, flokki urðunarstaðar og frágangi á urðunarstað“.

Varðandi fjarlægðamörk

Íbúðarhús að Tjarnarlandi eru í eigu landeiganda sem einnig er verktaki urðunar á staðnum. Þegar starfsleyfi vegna urðunar var fyrst gefið út árið 1993 var þá þegar vitað um þessa nánd, en landeigandi taldi hana ekki vera vandamál. Síðan hefur verið urðaður úrgangur á svæðinu samfelld til ársins 2009 og aftur frá árinu 2011 til dagsins í dag. Landeigandi og íbúi á Tjarnarlandi hefur skv. uppl. HAUST ekki ama af nágrenni við staðinn, hvorki hvað varðar lykt eða fok. Af hálfu Heilbrigðiseftirlits er því ekki ástæða til að gera aths. við fjarlægðamörk milli urðunarstaðarins og íbúðarhúss á Tjarnarlandi.

Rétt er að benda á að á undangengnum árum hafa verið reist tvö sumarhús vestan aðkomuvegar að urðunarstaðnum. Undirrituð telur líklegt að a.m.k. annað húsið standi innan 500 m frá ystu mörkum deiliskipulagssvæðisins og hefur vakið athygli sveitarfélagsins þar á í umsögn um deiliskipulag svæðisins þann 3.4.2012. Af hálfu

Heilbrigðiseftirlits þykir ekki ástæða til að takmarka leyfi urðunarstaðarins vegna þessa enda voru húsin reist vitandi um nágrenni urðunarstaðarins og án formlegra leyfa sveitarfélagsins, skv. upplýsingum frá byggingarfulltrúa. Ennfremur liggur fyrir að hvorki fok eða lýkt hafa valdið ama í nágrenni urðunarstaðarins.

Ábendingar vegna texta í starfsleyfistillögunni

Nokkur atriði í starfsleyfistillögunni vekja athygli og verða þau rakin hér að neðan.

Gr. 1.2. Umfang starfseminnar.

a) Í þessari grein er fjallað um hámarks magn úrgangs til urðunar. Þar kemur m.a. fram að hámarks magn til urðunar á ári eru 2.500 tonn og að hámarki 10 tonn á dag. Í greinargerð með starfsleyfistillögunni segir að umsækjandi ætli að „halda sig innan 10 tonna á dag að jafnaði“. Vakin er athygli á þessu atriði.

b) Í greininni er tekið fram að ekki megi urða dýrahæ, smitandi sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang nema með sérstöðu leyfi Umhverfisstofnunar. Þetta er í samræmi við 7. gr. í reglugerð 738/2003. *Dýrahæ, smitandi sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang er einungis heimilt að urða að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar sem hefur um það samráð við viðkomandi héraðsdýralækni eftir því sem við á. Að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi.*

Í sveitarfélögum þeim sem hyggjast nýta urðunarstaðinn er nokkur landbúnaður þar sem til falla dýrahæ. Auk þess falla til hreindýrahæ vegna slysaskota og vegna árekstra við ökutæki auk þess sem hræ m.a. af gæludýrum falla til á heimilum og hjá dýralæknum. Í flestum tilfellum er um að ræða lífrænan úrgang sem ekki er smitandi. Oftast þarf að hafa hraðar hendur með að urða slík hræ.

Vegna þessa er eindregið hvatt til þess að Umhverfisstofnun knýi á um breytingar á ofangreindri lagagrein, þannig að gerður sé greinarmunur á smitandi lífrænum úrgangi annars vegar og dýrahæjum hins vegar sem ekki flokkast sem smitandi úrgangur og að heimilt verði að urða þau sem lífrænan úrgang á urðunarstöðum.

c) Í greininni er tekið fram að ekki megi urða spilliefni skv. reglugerð 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Í lista með reglugerðinni er stjórnumerkt við ýmsar tegundir af asbesti sem merkir að það flokkist sem spilliefni:

17 06 00 *einangrunarefni og byggingarefni sem inniheldur asbest*

* 17 06 01

* 17 06 03

17 06 04

* 17 06 05

17 08 00

einangrunarefni sem innihalda asbest

önnur einangrunarefni sem eru úr eða innihalda hættuleg efni

einangrunarefni önnur en tilgreind eru í 17 06 01 eða 17 06 03

byggingarefni sem innihalda asbest Nánari reglur um urðun þessa úrgangs verða settar síðar.

byggingarefni úr gipsi

Eftir sem áður er í reglugerð 705/2009 um asbestúrgang í 5.gr. fjallað um förgun á asbesti og undirritaðri þykir æskilegt að unnt sé að urða lítið magn af asbesti sem fellur til ca. 2 sinnum árlega við lagfæringar á eldri húsum eða þegar gamlar neysluvatnslagnir eru endurnýjaðar. Hér með er óskað eftir að Umhverfisstofnun og sveitarfélagið taki upp umræður um hvort unnt er að opna á slíka heimild í starfleyfi fyrir urðunarstaðinn Tjarnarland sbr. eftirfarandi:

Reglugerð 705/2009 um asbestúrgang.

5. gr.

Meðhöndlun úrgangs.


Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar viðkomandi sveitarfélags að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Asbestúrgangur skal fluttur til förgunar á viðurkennda móttökustöð. Við urðun asbestsúrgangs skal fylgja fyrirmælum í lið 2.3.3. í II. viðauka reglugerðar um urðun úrgangs.

Tryggja skal að við flutning og losun úrgangs sem inniheldur asbest sé engum asbesttrefjum eða asbestryki hleypt út í andrúmsloftið. Jafnframt skal þess gætt að vökva, sem kann að innihalda asbestrefjar, verði fargað þannig að asbestrefjar berist ekki út í andrúmsloftið.

Þegar úrgangur sem inniheldur asbest er urðaður skal tryggja að hann sé meðhöndlaður, pakkaður og þakinn þannig að komið sé í veg fyrir að asbestagnir berist út í umhverfið.

Annað ekki, en því er hér með fagnað að sér fyrir lok á starfsleyfisvinnslu fyrir urðunarstaðinn á Tjarnarlandi.

Virðingarfyllst,



Helga Heinsdóttir
frkvstj. HAUST

Afrit sent Fljótsdalshéraði í tölvupósti.